




STARFSÁÆTLUN 2024-2025

Molinn miðstöð unga fólksins

Skjal sótt af '000000000000' dags: 20.08 2026

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	3
Opnunartímar Molans eru eftirfarandi:	3
Starfið í vetur.....	3
Áhersla á 10. bekk og nemendur MK	3
Samstarf við MK	4
Samstarf við félagsmiðstöðvar í Kópavogi	4
Samstarf við aðra aðila	4
Bókasafn Kópavogsbæjar	4
Dale Carnegie	4
Menningarhús í Kópavogi.....	5
Viðburðir í vetur	5
Opið starf	5
Fræðslur/kynningar	5
Klúbbastarf.....	5
Sértækt hópastarf.....	6
Sumarstarf Molans	6
Skapandi sumarstörf.....	6
Vegglistaverkefni Molans.....	7
Jafningjafræðsla Kópavogs.....	8
Ráð ungmenna	8
Molaráð	8
Samfés -Fulltrúaráð 16+	9
Ungmennaráð Kópavogs	9
Ráðgjafa og stuðningsþjónusta.....	9
Ráðgjafi ungmenna.....	9
Skapandi verkefni Molans.....	10
Samstarf við félagsamtök	11
Bergið headspace	11
Pieta samtökin.....	12
Samfés+	12
Verkefni tengd Menntastefnu Kópavogsbæjar	12
Verkferlar	12
Neyðaráætlun	12

Móttaka nýrra starfsmanna	12
Öryggisgátlisti.....	12
Gátlistar í sértæku hópastarfi.....	13
Handbók um starfið	13
Rýmingaráætlun	13
<i>Ytra og innra mat</i>	<i>14</i>
Framkvæmd ytra mats	14
Innra starfið er metið út frá eftirfarandi þáttum	14
<i>Símenntun</i>	<i>14</i>
<i>Aðsókn 2023-2024</i>	<i>16</i>
<i>Starfsfólk og starfsheiti.....</i>	<i>16</i>

Hagnýtar upplýsingar

Molinn er til húsa að Hábraut 2 í Kópavogi. Hægt er að hafa samband símleiðis í 441-9290 eða með því að senda tölvupóst á molinn@molinn.is. Einnig er hægt að hafa samband í gegnum samfélagsmiðla eins og Instagram (*molinnkopavogi*), facebook (*molinn miðstöð unga fólksins*) og tiktok (*molinn.muf*).

Opnunartímar Molans eru eftirfarandi:

Þriðjudagar 14.00-22.00

Miðvikudagar 14.00-22.00

Fimmtudagar 14.00-22.00

Þess má geta að húsið er notað töluvert utan auglýstra opnunartíma fyrir hópa, fundi, æfingar eða annað. Starfssemin er miðuð að ungmennum á aldrinum 16-25 ára en einstaka viðburðir og verkefni geta hentað öðrum aldurshópum. Skoðað verði á nýju starfsári að standa að einstaka föstudagsopnunum.

Starfið í vetur

Í vetur verður áfram lögð áhersla á að innleiða þær breytingar sem Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti 11. apríl 2023. Unnið verður áfram að því að byggja upp og þróa ráðgjafa og stuðningsþjónustu og skapandi verkefni ásamt opnu starfi. Lögð verður áhersla á að mæta ungu fólki með fjölbreyttu starfi og starfið höfði til sem flestra. Í Molanum leggur starfsfólk sérstaka áherslu á að öll séu velkomin og Molinn sé öruggur staður þar sem ungu fólki líður vel.

Áhersla á 10. bekk og nemendur MK

Mikilvægt er að stuðla betur að samfellu milli félagsmiðstöðva og Molans. Auk þess að halda opnanir og viðburði sérstaklega fyrir 10. Bekk ætlum við að þróa áfram samstarfsverkefni á borð við skíðaferð og útivistarhóp. Starfmenn og ungmenni frá Molanum munu taka þátt í þessum verkefnum með það að markmiði að 10. Bekkingar uppgötvi möguleika sem Molinn hefur upp á að bjóða. Þannig munu 10. Bekkingar sjá að þeir geti tekið þátt í viðburðum sem þeir þekkja í starfi félagsmiðstöðvanna eftir að grunnskóla lýkur, sem þátttakendur í starfi Molans. Lögð verður áhersla á að nemendur MK verði sérstaklega hvattir til að nýta sér Molann. Allir nýnemar munu fá kynningu á starfseminni og nemendafélagið hvatt til og aðstoðað við að halda viðburði í Molanum.

Samstarf við MK

Í samtali við MK þá er verið að skoða að Leikfélag MK muni nýta sér aðstöðu í Molanum og jafnvel unnið verkefnið í samvinnu við umsjónarmann skapandi verkefna. Nemendaráð MK mun funda í Molanum á næstunni með verkefnastjóra Molans, en áhugi er fyrir því að nemendaráð MK komi einnig að skipulagi dagskrár og viðburða í húsinu, félög eins og Morfís og Gettu betur lið MK hefði einnig æfingaaðstöðu í húsinu í samvinnu við starfsfólk Molans. Staðið verður að nýnemakynningu fyrir alla 1.árs nema í MK fyrir áramót þar sem starfsemi og þjónusta Molans verður kynnt og hlutverk starfsmanna í húsinu. Nemendaráð MK ætlar að halda reglulega viðburði á mánudagskvöldum. Ný formað nýnemaráð MK mun síðan hafa viðveru í Molanum líka og tengja ungmenni við Molann.

Samstarf við félagsmiðstöðvar í Kópavogi

Verkefnastjóri Molans mun funda reglulega með forstöðumönnum félagsmiðstöðvanna. Mikilvægt er að unnið sé að því að nemendur í 10.bekk viti af þeirri þjónustu sem er í boði í Molanum og því lögð áhersla á að verkefnastjóri heimsæki nemendur í 10. Bekk og kynni starfsemina og framhaldi eru skipulagðar heimsóknir í Molann. Á vorönn verður lögð sérstök áhersla á 10. bekkjaropnanir þar þeim gefst kostur á að kynnast starfinu og fá jákvæða upplifun á heimsókn í Molann. Unnið verður áfram í samstarfi við félagsmiðstöðvarnar að sameiginlegum viðburði eins og skíðaferð og skoðaðir aðrir möguleikar á samstarfi.

Samstarf við aðra aðila

Molinn er í samstarfi við hina ýmsu aðila innan og utan Kópavogs.

Bókasafn Kópavogsbæjar

Bókasafn Kópavogsbæjar ætlar að fá að halda nokkra viðburði fyrir unglinga og ungmenni í húsnæði Molans í samstarfi við starfsfólk þar. Þessir viðburðir myndu þá vera þess eðlis að passa inn í stefnu og vinnu Molans og fyrir unglinga á aldrinum 16-25 ára. Bókasafnið hefur einnig staðið fyrir hittingum hjá ungum foreldrum í Kópavogi sem rætt hefur verið að færa yfir Molann. Í samstarfi við Bókasafnið ætlar Molinn svo að vera með bókaklúbb og fá meðlimir klúbbsins 15% afslátt af árskortum Bókasafns Kópavogsbæjar.

Dale Carnegie

Hópar frá Dale Carnegie voru að koma í Molann á þriðjudögum með auka fund fyrir sérstaka hópa. Við stefnum á að halda því áfram, skammtilegt samstarf sem vonandi verður enn stærra.

Menningarhús í Kópavogi

Menningarhúsin í Kópavogi og Molinn hafa átt í góðu samstarfi og er stefnt á að halda því áfram. Húsnæði menningarhúsanna hafa skipt sköpum í blómlegu starfi Skapandi sumarstarfa þar sem fjöldi viðburða var haldinn í Gerðarsafni og á bókasafni. Stefnt er að því að halda þessu góða samstarfi áfram og jafnvel skoða hvort hægt sé að halda fleiri viðburði yfir vetrartímann.

Viðburðir í vetur

Opið starf

Stór hluti starfsemi Molans flokkast undir opið frístundastarf. Þá er átt við starf þar sem öll ungmenni á aldrinum 16-25 ára er velkomið að taka þátt. Ekki þarf að skrá sig eða fá boð um þátttöku og þátttakendur hafa mikil áhrif á hvað er gert hverju sinni.

Í Molanum er einnig áhersla á hópastarf. Þá er unnið með ákveðna hópa að ákveðnum verkefnum og markmiðun. Þessir hópar geta verið mjög fjölbreyttir, mis fjölmennir og byggðir upp með mismunandi hætti. Í sumum tilfellum má flokka hópastarfið sem sértækt hópastarf. Þá eru einn eða fleiri þátttakendur starfsins hvattir sérstaklega til að taka þátt. Ástæður geta verið fjölbreyttar og flóknar en markmiðið er alltaf að auka á einhvern hátt lífsgæði. Styrkja fólk félagslega, hafa áhrif á skoðanir og ákvarðanatöku eða hreinlega kæta og bæta.

Fræðslur/kynningar

Miðvikudagar í Molanum hafa verið tileinkaðir opnum kvöldum og inn á milli allskonar kynningum og fræðslum. Lagt er upp með að fræðslurnar nái til ungsfólks. Fræðslur sem við höfum verið með í boði eru til dæmis frá Píeta. Einnig höfum við staðið sjálf fyrir fræðslum á borð við *lærðu að gera heimildarskrá, hjálp við gerð á ferilskrá og kynningarbréfi* og fleiri fræðslur sem hjálpa ungu fólki að koma sér inn á vinnumarkað og hjálpa að styrkja þau til virkni í samfélaginu.

Klúbbastarf

Klúbbar svipa til hópastarfa en eru þó ólík. Molinn hefur verið að bjóða upp á bókaklúbb og mun í vetur halda úti klúbb í samstarfi við Bókasafn Kópavogs þar sem að meðlimir bókaklúbb Molans fá 15% afslátt af bókasafnskorti hjá bókasafninu. Bókasafnið ætlar einnig að vera með bókaklúbb fyrir yngri unglinga sem eru svo einnig bent á og velkomin að koma og halda fundum

sínum áfram í Molanum eftir að bókasafnið lokar kl 18:00. Stefnan er einnig sett á að stofna tónlistarklúbb, þrjóna og handavinnuklúbb og matarkúbb.

Sértækt hópastarf

Þegar að einn eða fleiri einstaklingar eru hvattir sérstaklega til þess að taka þátt í hópastarfi er átt við sértækt hópastarf. Ástæður geta verið fjölbreyttar og flóknar en markmiðið er samt alltaf að auka á einhvern hátt lífsgæði einstaklingsins, styrkja hann félagslega, hafa áhrif á skoðanir hans og ákvarðanatöku en einnig kæta og bæta. Á daginn koma til okkar unglingar með skólasóknarvanda og erum við að reyna koma þeim hægt og rólega inní starfið hjá okkur. Við munum því leggja upp með að sníða sértækt hópastarf aðallega að þessum krökkum til þess að hjálpa þeim. Einnig sjáum við fyrir okkur að nýta sértæka hópastarfið fyrir ungmenni á flóttu. Í Molanum er starfræktur D&D hópur sem er opin en er mjög vinsæll innan ákveðins hóp ungmenna.



Sumarstarf Molans

Á sumrin eru starfrækt í Molanum, skapandi sumarstörf, vegglist og nú nýtt árið 2024 jafningjafræðsla Kópavogs.

Skapandi sumarstörf

Á hverju sumri gefst ungu hæfileikafólki tækifæri á að vinna að eigin listsköpun í Molanum með Skapandi sumarstörfum Kópavogsbæjar. Um er að ræða fjölbreytt verkefni þvert á mismunandi listform sem unnin eru af ungu fólki á aldrinum 18-26 ára. Umsóknir eru alltaf gríðarlega fjölbreyttar en reynt er að velja inn verkefni með það að leiðarljósi að sem flest listform fái að njóta sín, fjölbreyttur hópur sé valinn og jafnræði sé milli kynja. 2024 var metfjöldi umsókna en það voru u.þ.b. 100 manns sem sendu inn umsóknir ýmist í hópum eða á eigin vegum. 25 ungmenni voru valin í 11 verkefni og sem dæmi um verkefni má nefna sviðsverk, dansverk,

hönnun á bolum út frá stöðum í Kópavogi, tónlistarsköpun, hlaðvarp, skúlptúrgerð og fleira. Leiðbeinendur voru 3: Hildur Kristín Stefánsdóttir, Katrín Birna Vignisdóttir og Inga Steinunn Henningsdóttir. Hildur og Kata voru einnig leiðbeinendur 2023 en Inga Steinunn kom ný inn, en þó með margra ára reynslu sem þátttakandi í Skapandi sumarstörfum Kópavogs. Þær skipulögðu dagskrá sumarsins, héldu utan um hópinn, hjálpuðu þeim við viðburðarskipulagningu og sáu um að halda lokahátíð í Salnum. Eftir gott samstarf við Menningarhús Kópavogs 2023 var ákveðið að styrkja það enn frekar og jafnframt koma kröfu á við alla starfandi hópa að þau þyrftu að halda einn viðburð einhversstaðar í Kópavogi fyrir utan framkomuna á lokahátíð. Það varð til þess að ansi þétt og lífleg dagskrá varð til og voru margir af þeim viðburðum haldnir í menningarhúsunum. Sem hápunkta má nefna bolasmiðju á Bókasafninu, dansverk á Gerðarsafni, diskótónleika í forsal Salarins og fleira. Einnig voru hópar með uppákomur á 17.júní hátíðarhöldunum fyrir framan menningarhúsin. Sem áður var vegleg lokahátíð haldin en eftir góða reynslu frá 2023 að halda “auka” lokahátíð í Salnum í ágúst (venjulega lokahátíðin var í lok júlí í Molanum) var ákveðið að hafa nú eina veglega lokahátíð í Salnum 7. ágúst. Dagsetningin var valin með því markmiði að ná betri mætingu en áður enda er erfitt að halda vel sótta lokahátíð þegar langflestir eru í sumarfrí og hefur það orðið til þess að fáir stjórnenda Kópavogsbæjar hafi tök á að mæta og sjá starfið. Það voru þó 2 vikur frá síðasta vinnudegi hópanna þar til hátíðin var haldin sem hægt er að meta hvort sé kostur eða galli, en skýrt var við ráðningu starfsmanna að svona yrði þessu háttað og fólk yrði að vera laust daginn sem hátíðin væri haldin þrátt fyrir að það mætti hefja nýja vinnu í millitíðinni. Hátíðin gekk frábærlega og var gaman að sjá hversu vel húsakynni Salarins nýttust enda voru atriði bæði í forsal og aðalsal og voru gestir leiddir inn í sal af dansatriði sem vakti mikla lukku. Sýnd voru brot úr öllum verkefnum sumarsins, ýmist á sviði eða með sýningarbásum í andyri.

Vegglstaværkefni Molans

Í tengslum við Skapandi sumarstöf hefur verið starfræktur svokallaður Vegglistahópur á hverju sumri. Þá eru ráðin inn 4 ungmenni og einn leiðbeinandi til að skreyta veggj víðsvegar um Kópavogsbæ með vegglistaverkum. Reynt er að ráða fjölbreyttan hóp af ungmenum sem eru bæði reynd og einnig meiri byrjendur, sem hafa þó reynslu af myndlist. Leiðbeinandi hópsins var Þorsteinn Otti Jónsson sem hefur áratuga reynslu af vegglist. Hann hjálpaði hópnum að finna veggj, undirgöng og ljósastaura í samráði við Umhverfissvið og einkaaðila. Hann hjálpaði þeim

einnig að þjálfar þau vinnubrögð sem þarf til að sinna slíkri list enda þarf að hafa margt í huga hvað varðar leyfi og áhrif á umhverfið

Jafningjafræðsla Kópavogs

Sumarið 2024 ákvað Kópavogur að hætta að kaupa jafningjafræðslu af Reykjavíkurborg. Molinn tók að sér þetta stóra verkefni og réð inn 4 ungmenni 18+ og fékk svo 3 ungmenni frá vinnuskóla Kópavogs. Allir sem komu að þessu verkefni voru að gera þetta í fyrsta skipti og gekk þetta vonum framar. Ungmennin heimsóttu alla vinnuskólahópa Kópavogs frá 8 -10 bekk + vinnuhópana í félagsmiðstöðvunum yfir sumarið og var nóg að gera.

Fyrstu vikuna eða 3 júní hittust ungmennin í húsnæði Kvan og voru þar fyrstu vikuna í allskonar fræðslum og æfingum til þess að undirbúa sig fyrir sumarið. Þar lærðu þau hvernig tala ættu um allskonar erfið umræðuefni á jafningjagrundvelli, þau lærðu og fóru í hópeflisleiki, æfðu sig í að koma fram fyrir framan hóp. Eftir fyrstu vikuna kom svo vika þar sem ungmennin skipulögðu fræðsluna sína, æfðu sig á hverjum öðrum og kynntust enn betur.

Ungmennin fóru alla mánudaga – fimmtudaga í hópa hjá vinnuskólanum þar sem þau voru með fræðslur um umræðuefni líðandi stundar, voru með nafnlausar spurningar, fóru í hópeflisleiki og brutu upp daginn hjá unglingunum. Á föstudögum voru síðan fundir og ígrundun um liðna viku, hvernig gekk, hvernig þeim leið og ef eitthvað kom upp á eða mátti gera betur.

Ungmennin bjuggu til tiktok og voru mjög virk þar inná. Þar póstuðu þau fróðleik og skemmtilegu efni til þess að verða meira sýnilegri og ná til unglinganna á öðru plani. Jafningjafræðslan lauk svo þegar að vinnuskólinn lauk eða 2 ágúst.

Ráð ungmenna

Molaráð

Vegna mikils áhuga á ungmennaráði var boðið þeim sem ekki komust í það í ár að vera þátttakendur í Molaráðinu. Nokkrir sýndu því áhuga og erum við spennt að byrja með það fyrir árið 2025. Í Molaráðinu fáum við að heyra rödd ungmenna hvað þau vilja gera, hvað þau vilja að Kópavogur og Molinn geri betur til þess að ná betur til ungmenna í bæjarfélaginu. Þau hjálpa

til við að skipuleggja dagskrá og koma að skipulagningu á viðburðum. Einnig hjálpa þau til við undirbúning Landsþings Samfés+ sem haldið verður í Molanum 2025.

Samfés -Fulltrúaráð 16+

Fulltrúaráð 16+ starfar á landsvísu og geta fulltrúar í ráðinu verið alls staðar að af landinu. Fulltrúar eru á aldrinum 17-25 ára. Ráðið hittist 10-12 sinnum yfir veturinn og er allur ferða- og fundarkostnaður ungmennaráðsins greiddur af Samfés. Fulltrúaráðið heldur utan um Landsþing SamfésPlús og tekur virkan þátt í verkefnum og ákvarðanatöku í málefnum samtakanna. Fulltrúar ráðsins fá tækifæri til þess að koma fram og sitja á ráðstefnum og fundum um málefni tengd ungmennum og æskulýðsmálum hér á landi og erlendis. Molinn vinnur að því að eiga tvo fulltrúa í þessu ráði. Okkar fulltrúar munu þannig hafa rödd innan ráðsins en ekki síður miðla þeim hugmyndum og ákvörðunum sem teknar eru til ungmenna og starfsfólks í Molanum.

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð heyrir undir bæjarstjórn Kópavogs og er skipað fimmtán fulltrúum á aldrinum 13-20 ára. Níu af þessum fulltrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, en einn fulltrúi er tilnefndur í ráðið frá hverri félagsmiðstöð/grunnskóla. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru fjórir fulltrúar frá Molanum Miðstöð unga fólksins. Bæjarstjórn kýs svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við Ungmennaráð Kópavos. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Ráðgjafa og stuðningsþjónusta

Ráðgjafi ungmenna

Ráðgjafi í málefnum ungmenna hefur umsjón með og skipuleggur samfellda þjónustu er snýr að stuðningi við ungmenntu í Kópavogi. Hann stuðlar að samþættingu í þjónustu við aðrar stofnanir sem sinna málefnum ungmenna í Kópavogi, þannig að viðkomandi ungmenntu fái heildstæða og markvissa þjónustu í samræmi við þarfir. Á mánudögum frá kl 10:00-14:00 er

ráðgjafi ungmenna og verkefnastjóri Molans með viðveru í Molanum og er þessi tími sérstaklega hugsaður fyrir viðtalstíma þar sem ungmenni geta komið og hitt á ráðgjafa og verkefnastjóra Molans. Ráðgjafi skipuleggur og stýrir sértæku hópastarfi í Miðstöð unga fólksins sem snýr að stuðningi og ráðgjöf við ákveðna hópa ungmenna. Starfið felur í sér áherslu á fyrirbyggjandi starfsemi og hefur snemmtækan stuðning og íhlutun að leiðarljósi. Ráðgjafi ungmenna mun kemur með markvissum hætti inn í skóla- og félagsmiðstöðvar til að vera sýnilegur bæði starfsfólki og nemendum ásamt því að veita stuðning og ráðgjöf í Molanum Miðstöð unga fólksins.

Í samvinnu við skólaþjónustu grunnskóladeildar, Miðjunnar, MK og verkefnastjóra Molans og aðra starfsmenn Molans er boðið upp á sértækt hópastarf þar sem áhersla er lögð á að ná til nemenda sem glíma við skólasóknarvanda, í góðri samvinnu við foreldra. Hópastarfið sem nú eru á dagskrá í vetur er Dungeons and dragons hópur, rafíþróttahópur og útivistarhópur. Útivistarhópurinn mun heita „Molavirkni“ og áætlað er að hafa fyrsta tíma í janúar á nýju ári. Horft er til Virkni og Vellíðan í verkefnisins í Kópavogi sem fyrirmynd Molavirkni og er mikið samstarf þar á milli. Molavirkni verður vikulegt hópastarf eins og Dungeons and dragons hópurinn en rafíþróttahópurinn stefnir að hittast fjórum sinnum yfir skólaárið. Einnig er lagt upp með að ná til nemenda í 10.bekk eða til þeirra nemanda sem munu ljúka grunnskólagöngu sinni vorið 2025.



Skapandi verkefni Molans

Haustið 2023 var ráðist í að auka skapandi viðburði yfir vetrartímann hjá Molanum. Var það bæði í formi skapandi viðburða yfir vetrartímann en einnig var hugmyndin að leggja áherslu á að ungt fólk geti komið í Molann og sinnt sköpun sinni, hvort sem það er með því að mæta í stúdíóið eða fá að halda viðburði. Starfið fór vel af stað og voru haldnir nokkrir skapandi viðburðir, meðal annars námskeið í textasmíð með Reykjavíkurdætrum, lagasmíðanámskeið með Hildi, uppistand og tónleikar. Mikilvægt er að halda áfram að styrkja þessa hlið starfsins og mæta sem best þeim þörfum sem skapandi ungmenni hafa hverju sinni. Nú er orðin fastur liður í starfseminni að fimmtudagkvöld séu skapandi kvöld þar sem boðið er upp á ýmsa viðburði

tengda sköpun. Viðburðirnir eru skipulagðir af Umsjónarmanni skapandi verkefna, sem er í 50% starfi við Molann ásamt tveimur tímastarfsmönnum sem vinna á fimmtudagskvöldum og eru bæði skapandi ungmennti sem hafa unnið síðustu 2 ár í Skapandi sumarstörfum hjá Molanum.

Skapandi viðburðir í Molanum	
Fimmtudagskvöld fyrir 16-25 ára Fritt inn!	
SEPT 27	Próðuserheimsókn í stúdíóið Jóhannes Ágúst próðuser mættir og verður með ráðgjöf og kennslu.
OKT 10	Komdu með hljóðfærið þitt Hljóðfæra-djarnn þar sem við þrófum að spila á allskonar hljóðfæri.
OKT 17	Þrjón & hekl klúbbur Bæði fyrir byrjendur og lengra komna!
OKT 31	Málaðu eins og Bob Ross Strigi og málnng fyrir öll og kennslumyndband á stóra skjánum.
NOV 14	Skapandi skrif Sviðshöfundar kenna skapandi skrif.
NOV 21	Improv námskeið Improv kennari frá Improv Ísland kemur og fer yfir grunnatriði.
NOV 29	Karaoke kvöld Karaoke með allvöru græjum og sviði!

Hingað til hafa einungis verið haldin námskeið sem eru ein kvöldstund en í vetur er stefnt að því að prófa að halda lengri námskeið sem væru sem dæmis mánaðarlöng þar sem hittst væri einu sinni í viku. Þar gæfist meira tækifæri að mynda aukin tengsl milli þátttakenda. Einnig mun verða unnið að því að veita skapandi ungmennum meiri stuðning og aðstoð með því að bjóða upp á að þau fái skapandi ráðgjöf hjá umsjónarmanni skapandi verkefna. Þannig geta þau bókað tíma þar sem þau mæta og fá aðstoð við að framkvæma skapandi hugmyndir sínar. Eins heldur áfram að standa ungmennum til boða að halda skapandi

viðburði í húsakynnum Molans, enda er rýmið vel búið til að halda ýmiskonar viðburði eins og tónleika, sviðsverk, námskeið og fleira. Í Molanum er líka tónlistarstúdíó sem heldur áfram að vera í boði fyrir ungmennti að nýta sér að kostnaðarlausu. Stúdíóið er opið frá klukkan 14-22 þá daga sem Molinn er opinn og hefur það verið gríðarlega vel nýtt og munum við halda áfram að auglýsa það og tryggja að nýtingin sé sem best. Tækjabúnaður stúdíósins fékk andlitslyftingu í byrjun hausts og eins voru búnar til betri tæknileiðbeiningar fyrir ungmenntin sem eru að stíga sín fyrstu skref. Samstarf milli Molans og menningarhúsanna í Kópavogi og Mekó hefur aukist síðustu ár og er stefnt að því að halda því samstarfi áfram með fleiri sameiginlegum viðburðum.

Samstarf við félagsamtök

Bergið headspace

Í samvinnu við Bergið-Headspace verður lögð áhersla á að kynna vel þá ráðgjafarþjónustu sem Bergið mun bjóða uppá. Markmið með samstarfinu er að styrkja starfsemi er snýr að ráðgjafa- og stuðningsþjónustu í Molanum-Miðstöð unga fólksins, og veita þannig ungu fólki á aldrinum 16-25 ára lágþröskulda aðgengi að ráðgjöf og þjónustu Bergsins-Headspace í sínu sveitarfélagi. Þjónusta og ráðgjöf Bergsins Headspace yrði ungmennum að kostnaðarlausu og þau geta sjálf haft frumkvæði að því að sækja sér ráðgjöf. Með þessu samstarfi er verið að færa þjónustuna enn nær ungu fólki í Kópavogi og gera hana aðgengilegri fyrir þau líkt og hugmyndafræði

Headpace snýst um. Horft er til þess að ráðgjafi á vegum Bergsins-Headpace muni hafa viðveru í Molanum-Miðstöð unga fólksins að jafnaði einn dag í viku. Þjónustan er þannig uppbyggð að ungmenni á aldrinum 16-25 ára, geta óskað eftir þjónustu og fengið viðtal við ráðgjafa með skömmum fyrirvara. Ráðgjafi hlustar, metur vandann, vinnur í gegnum viðtöl með ungmenni og ef þörf er á, aðstoðar viðkomandi við að komast í meðferð eða að fá viðeigandi aðstoð annars staðar. Ráðgjöf getur einnig verið fjarráðgjöf í gegnum Köru Connect, ekki er um að ræða meðferð heldur ráðgjöf og snemmtæka íhlutun.

Píeta samtökin

Píeta samtökin hafa komið í Molann og verið með fræðslur og fyrirlestra. Við ætlum að halda því samstarfi áfram.

Samfés+

Í febrúar 2024 var haldið Landsþing Samfés+ í Molanum. Landsmótið var tveir dagar þar sem föstudagurinn fór í það að taka á móti ungmennum, fengið sér að borða saman og skemmtun. Laugardagurinn fór í þingið sjálft. Þar komu fram nokkur erindi og ungmennin síðan ræddu sín á milli um starf ungmennahúsa á Íslandi og hvað hægt er að gera betur. Molinn sótti um að halda og skipuleggja þingið aftur í samstarfi við Samfés árið 2025.

Verkefni tengd Menntastefnu Kópavogsbæjar

M.5.4 Stuðningur við ungt fólk 16-25 ára

Fjölbreytt aðstaða til afþreyingar, frístunda, hreyfingar og skapandi verkefna þarf að standa ungu fólki 16-25 ára til boða. Horft verði til þess að byggja upp heildstæða ráðgjafar- og stuðningsþjónustu fyrir ungt fólk í virku samstarfi við Geðræktarhús og Molann-Miðstöð unga fólksins. Einnig verði horft til umbóta varðandi aðstöðu og fjölgun tækifæra til atvinnu- og starfsþjálfunar. Við mótun, innleiðingu og endurskoðun þjónustu verði notast við gagnreyndar upplýsingar og aðkoma ungs fólks tryggð.

Lagt upp með að meta árangur af starfi Molans með þjónustukönnun fyrir ungmenni á aldrinum 16-25 ára sem nýta sér starf Molans og bera saman við kannanir sem lagðar voru fyrir árið 2024.

Verkferlar

Neyðaráætlun

Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og er hún sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni.

Móttaka nýrra starfsmanna

Farið er yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefnin, starfsmannahandbókina og fleira. Hér er að finna upplýsingar um það sem þarf að hafa í huga við móttöku nýrra starfsmanna.

Öryggisgátlisti

Farið er yfir gátlista í upphafi starfsársins með öllum starfsmönnum.

Gátlistar í sértæku hópastarfi

Til eru nokkrir gátlistar sem hægt er að nýta sért í sértæku hópastarfi og eins sem gott er að fara yfir í upphafi starfsárs. Hér er hægt að sjá hvar hægt er að finna eftirfarandi gátlista. Gátlisti um einelti

- Gátlisti er varðar félagslega einangraða
- Gátlisti er varðar móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku
- Gátlisti varðandi sértækt hópastarf

Handbók um starfið

Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfsárs.

Rýmingaráætlun

Starfsfólk tekur þátt og fær upplýsingar um rýmingaáætlun og æfingu hjá húsverði stofnunar.

Ytra og innra mat

Framkvæmd ytra mats

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðila, og er það deildarstjóri frístundadeildar sem ákveður hvaða stofnun fer í ytra mat ár hvert. Matið byggir á vettvangsheimsóknum, viðtölum við stjórnendur, starfsfólk og unglunga sem stofnunina sækja. Markmið matsins er að það sé leiðbeinandi og geti aðstoðað stjórnendur og starfsfólk að vinna að framförum og umbótum, auk þess að hlúa að því sem vel er gert.

Innra starfið er metið út frá eftirfarandi þáttum

Stefnt er að því árið 2025 að leggja fyrir kannanir til skoða og meta þjónustu Molans. Annars vegar er um að ræða almenna þjónustukönnun þar sem ungmenni meta árangur og ánægju með starf Molans. Markmið könnunar er einnig að ná til ungmenna sem standa höllum fæti og meta þann árangur starfsins sem snýr að vinnu með einstaka hópa/einstaklinga í starfi Molans. Mætingatölur eru teknar saman fyrir hvern mánuð, og samtal við ungmennin um starf Molans í gegnum húsráð Molans og Ungmennaráð Kópavogsbæjar.

Símenntun

Fræðslunámskeið er haldið í upphafi starfsárs ásamt starsfmannafræðslum yfir starfsárið sem öllu starfsfólki Molans býðst að mæta á. Þessar fræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk frístundadeilar um það sem er efst á baugi hverju sinni. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og sækja þar fyrirletra og málstofur til þess að nýta í starfinu. Erasmus+ býður upp á fjölmörg tækifæri til símenntunar í formi ráðstefna og námskeiða sem starfsfólk Molans verður hvatt til að nýta sér.

Skipulag fræðslu á vegum frístundadeildar 2024-2025



Dagsetning:	Heiti og lýsing	Stutt lýsing	Staðsetning:	Umsjón/Leiðbeinandi:
21. ágúst kl. 17.00-22.00	Velkomin til starfa! Kennsla fyrir starfsmenn	Nýliðafræðsla og kynning á helstu þáttum í starfi félagsmiðstöðva.	Smáraskóli	Verkefnastjóri frístundadeildar og forstöðu-/aðstoðarforstöðumenn félagsmiðstöðva
23.ágúst kl. 17.00-20.00	Velkomin til starfa! Hinsegin fræðsla	Hinsegin fræðsla og hópefli fyrir starfsmenn.	Gufunesbær	Verkefnastjóri frístundadeildar og Hrefna Þórarinsd. – forstöðukona hinsegin félagsmiðstöðvar
11.-12. september	Starfsdagar Samfés	Stjórnendur Félkó sækja þar fjölbreytta fyrirlestra og málstofur.	Varmaland	Samfés – Ýmsir fyrirlesarar.
14. október kl. 17.00-19.00	Fokk me Fokk you og Samfélagslögreglan	Birtingarmynd ofbeldismenningar meðal barna&unglinga	Peða	Andrea Marel, Kári Sigurðsson og Unnar Þór Bjarnason
11.nóvember kl. 17.00-18.30	Verkfærakistu-dagur	Fyrir starfsfólk frístundadeildar. Lærum hvert af öðru, verklegt.		Forstöðumenn skipta með sér smíðjum
2.desember kl. 17.00-18.30	Spilavinir	Kynning á spilum sem henta vel í félagsmiðstöðvastarf	Fönix	Spilavinir
10.janúar kl. 17.00-19.00	Samfés-Con			Samfés
3. og 5.febrúar kl. 17.00-22.00	Vika 6	Kynfræðsla fyrir unglunga	Allar starfsstöðvar	Áslaug – verkefnastjóri Frístundadeildar
3.mars kl. 17.00-19.00	Verkfærakistu-dagur.	Kynningar á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og fl.	Félkó-miðstöðin	Allir starfsmenn
Mars	Fræðsluferð	Fókus á vettvangsstarf	Sundsvall Svíþjóð	
14.apríl	Sjúkást	Fræðsla frá Stígamótum fyrir alla starfsmenn		Stígamót

Aðsókn 2023-2024

Sep	230
Okt	138
Nóv	620
Des	421
Jan	452
Feb	512
Mar	350
Apr	407
Maí	400
Jún	1500
Júl	1200
Ágú	500

Starfsfólk og starfsheiti

- Hildur Öder Einarsdóttir – Verkefnastjóri 100%
- Aron Brink – ráðgjafi ungmenna 100%
- Hildur Kristín Stefánsdóttir - Umsjónarmaður Skapandi verkefna 50%
- Guðný Lilja Pétursdóttir- Frístundaleiðbeinandi II 30%
- Grímur Smári Hallgrímsson - Tímavinna
- Iðunn Gígja Kristjánsdóttir - Tímavinna